

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



Dags eftirlits	26.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar og Bergsteinn	Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Ein athugasemd var gerð við olúbirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs hf. í Örfirisey, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar eru í góðu lagi.

Frárennsli frá skiljum í stöðinni var mælt á síðasta ári og stöðst kröfur í starfsleyfi. Krafa er um árlegar mælingar. Sjálfvirkir skynjarar á magni olíu eru í þeim olúskiljum þar sem mest álag er á kerfinu. Skilaboð eru send til vaktmanna ef olúmagn í skiljum nær ákveðnu marki.

Skeljungur á 14 geyma í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Allar lagnir sem ganga út úr mengunarvarnaþróum voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olúskilja. Í þró 4 sem er syðst í olúbirgðastöðinni hefur verið útbúinn sýnatökubrunnur vegna mælinga á olíuleifum í frárennsli olúskilju nr. 5 sem er utan þróar. Sýnatökubrunnurinn er of lágur og verði olíuhapp í þrónni getur olía farið ofan í brunninn. Hækka þarf brunninn eða loka honum þannig að þróin verði olíuheld sbr. kröfur í starfsleyfi, grein 2.5.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Frávík frá

ákvæði í grein 2.5 í starfsleyfi um olíuhelda þró.

Lýsing á frávíki

Gerður hefur verið sýnatökubrunnur innan þróar. Við mengunarslys í þrónni hefur með þessu opnast ný leið fyrir olíur inn í fráveitukerfið fram hjá olúskilju. Hækka þarf brunninn eða loka honum til þess að mengunarvarnarþró um geyma verði aftur virk.

ATHUGASEMDIR

Kvörtun vegna "bensínfnyks" barst vegna starfsemi olúbirgðastöðvanna í Örfirisey um miðjan júní 2012. Haft var samband við rekstraraðila og var þetta rætt í eftirliti.

Óljóst er hvort uppruni lyktarinnar er frá meðhöndlun bensíns á svæðinu, eða vegna annarar starfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá ODR hefur rekstur gufuendurnýtingarbúnaðar gengið vel á árinu.

Finna þarf uppruna lyktarinnar og draga úr lykt frá starfsemi, hvort sem uppruninn er frá gufuendurnýtingarbúnaði eða af öðrum ástæðum.

Reykjavík, 18.07.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.